

Framkvæmd fjárlaga
fyrstu sex mánuði
ársins 1992

Ágúst 1992

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	2
HELSTU NIÐURSTÖÐUR	3
MARKMIÐ FJÁRLAGA FYRIR ÁRIÐ 1992.....	6
GREIÐSLUAFKOMA A-HLUTA RÍKISSJÓÐS Á FYRRI HELMINGI ÁRSINS 1992.....	8
REKSTRARAFKOMA A-HLUTA RÍKISSJÓÐS FYRRI HLUTA ÁRS 1992 Í SAMANBURÐI VIÐ SAMA TÍMABIL ÁRIÐ 1991.....	12
INNHEIMTAR TEKJUR RÍKISSJÓÐS Á FYRRI HELMINGI ÁRSINS 1992	14
INNHEIMTAR TEKJUR FYRSTU SEX MÁNUÐI ÁRSINS 1992 Í SAMANBURÐI VIÐ SAMA TÍMABIL ÁRSINS 1991	16
GJÖLD Í SAMANBURÐI VIÐ GREIÐSLUÁÆTLANIR FJÁRLAGA FYRIR FYRRI HLUTA ÁRSINS 1992	19
GJÖLD FYRRI HLUTA ÁRS 1992 Í SAMANBURÐI VIÐ SAMA TÍMABIL ÁRIÐ 1991	23
LAUNAKOSTNAÐUR A-HLUTA RÍKISSJÓÐS 1992.....	28
MAT Á ÁRANGRI SPARNADARADGERÐA Í RÍKISFJÁRMÁLUM 1992 SAMKVÆMT FJÁRLÖGUM	30
AFKOMUHORFUR A-HLUTA RÍKISSJÓÐS Í ÁRSLOK 1992.....	38

INNGANGUR

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun, ber stofnuninni að fylgjast með framkvæmd fjárlaga. Skýrsla sú sem hér birtist fjallar um framkvæmd fjárlaga fyrstu sex mánuði ársins 1992.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir afkomu ríkissjóðs á fyrri helmingi ársins 1992 og hún borin saman við rekstrarafkomu sama tímabils ársins 1991. Þá er reynt að meta árangur af sparnaðaraðgerðum í ríkisfjármálum sem að var stefnt í fjárlögum ársins 1992. Loks er gerð grein fyrir þróun launakostnaðar hjá A-hluta ríkissjóðs á fyrstu sex mánuðum ársins og hún borin saman við þróun hans á sama tímabili 1991.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Helstu niðurstöður athugunar á afkomu A-hluta ríkissjóðs á fyrri helmingi ársins 1992, árangri fyrirhugaðra sparnaðaraðgerða í ríkisfjármálum á tímabilinu og mat á afkomu í lok þessa árs.

Afkoma ríkissjóðs fyrri helming ársins 1992.

- ◆ Lánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs, þegar afborganir af lánum sem ríkissjóður hefur veitt, yfirtekin lán og skuldbindingar skv. nýjum búvörusamningi hafa verið dregnar frá, nam 11,3 milljörðum króna í samanburði við 11,7 milljarða króna á sama tímabili 1991. Á föstu verðlagi er lánsfjárförfin um 1,3 milljörðum króna lægri en hún var á sama tímabili í fyrra.
- ◆ Hrein lánsfjárförf þegar afborganir af langtímalánum ríkissjóðs eru dregnar frá nemur 5,9 milljörðum króna í ár samanborið við 8,0 milljarða króna á fyrstu sex mánuðum ársins 1991. Á föstu verðlagi lækkar hrein lánsfjárförf um 2,5 milljarða króna eða um tæplega þriðjung frá því sem hún var á sama tímabili í fyrra.
- ◆ Meginbreyting á fjármögnun ríkissjóðs í ár samanborið við árið 1991 er að í ár hefur innlendur fjármagnsmarkaður náð að annast hana að mestu. Því hefur t.d. ekki komið til umtalsverðs yfirdráttar á viðskiptareikningi ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands eins og oft áður.
- ◆ Rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs skv. greiðslufirliti ríkisbókhalds er talinn 2,9 milljarðar króna á fyrstu sex mánuðum þessa árs í samanburði við tæpa 5,0 milljarða króna á sama tímabili í fyrra. Að mati Ríkisendurskoðunar leiða breyttar uppgjörsaðferðir til þess að rekstrarhallinn í ár verði um 170 milljónum króna lægri en hann hefði verið ef sömu uppgjörsaðferðum hefði verið beitt.
- ◆ Rekstrarhallinn á föstu verðlagi hefur lækkað um 2,6 milljarða króna á fyrri helmingi ársins frá því sem hann var á sama tímabili í fyrra. Sé miðað við fast verðlag hafa tekjur aukist um 700 milljónir króna eða 1,4%. Gjöld hafa hins vegar lækkað að raungildi um 1,8 milljarða króna eða 3,1% sem rekja má fyrst og fremst til vaxtagjalda og minni eignakaupa.
- ◆ Útgjöld A-hluta ríkissjóðs á fyrri hluta ársins 1992 námu 54,7 milljörðum króna og eru 1,1 milljarði króna minni en greiðslu-

áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir. Greiðslur umfram áætlunir námu 2,5 milljörðum króna. Á móti voru óhafin framlög að fjárhæð 3,6 milljarðar króna. Á fyrri hluta ársins 1991 fóru útgjöld stofnana 600 milljónum króna fram úr áætlun. Umframgreiðslur námu þá 2,8 milljörðum króna en á móti komu óhafin framlög að fjárhæð 2,2 milljarðar króna. Heildartekjur fyrstu sex mánuði ársins 1992 námu 51,8 milljörðum króna sem er tæplega 400 milljónum króna lægri fjárhæð en áætlunir gerðu ráð fyrir.

- ◆ Í ár hefur ríkissjóður yfirtekið lán hjá Framkvæmdasjóði Íslands að fjárhæð 1,7 milljarðar króna skv. heimild í lánsfjárlögum fyrir árið 1992 og gengið frá lántöku vegna uppkaupa á fullvirðisrétti í sauðfjárrækt að fjárhæð 942 milljónir króna skv. búvörusamningi ríkisins og bænda frá 11. maí 1991. Fyrir lántökum þessum hefur hvorki verið gerð grein fyrir í fjárukalögum fyrir árið 1991 eða fjárlögum fyrir árið 1992. Á árinu 1991 námu lántökur af þessum toga 1,3 milljörðum króna.

Mat á árangri sparnaðaraðgerða í ríkisfjármálum á árinu 1992.

- ◆ Þróun starfsmannafjölda og launakostnaðar hjá A-hluta ríkissjóðs fyrri hluta þessa árs í samanburði við sama tímabil ársins 1991 gefur til kynna að reiknuðum ársverkum hafi fækkað um tæplega 100 stöðugildi. Það svarar til um 100 milljóna króna raunlækkunar launaútgjalda. Til samanburðar fjölgaði ársverkum um 580 fyrstu sex mánuði ársins 1991 miðað við sama tímabil 1990.
- ◆ Ríkisendurskoðun hefur reynt að leggja mat á þann sparnað sem stefnt var að í fjárlögum ársins 1992 og náðst hefur á fyrstu sex mánuðum þessa árs. Ekki liggja fyrir nægjanlega haldgóðar upplýsingar um hve miklum hluta sparnaðarins átti að ná á fyrri helmingi þessa árs. Áform fjárlaga gera ráð fyrir að heildarsparnaður m.v. umfang ríkisútgjalda á árinu 1991 nemi um 5,5 milljörðum króna. Að mati stofnunarinnar hefur um fjórðungur áformaðs sparnaðar náðst á fyrri helmingi þessa árs.

Afkomuhorfur A-hluta ríkissjóðs í árslok.

- ◆ Ríkisendurskoðun telur að öllu óbreyttu stefni rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs í árslok í að verða 9,0 til 9,5 milljarða króna. Rekstrarhallinn skv. fjárlögum er talinn verða 4,1 milljarður króna. Meginskýring á auknum rekstrarhalla er að tekjur

ríkissjóðs eru áætlaðar um 2,0 milljörðum króna lægri en fjárlög gerðu ráð fyrir og gjöld um 3,5 milljörðum króna hærrí en fjárlög 1992 áformuðu. Frávik á gjaldahlið skýrast m.a. af því að áform um 2,0 milljarða króna sparnað munu að öðru óbreyttu væntanlega ekki nást. Þá hafa komið til nýjar útgjaldaákvæðanir og útgjaldaauki umfram það sem forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir m.a. vegna Atvinnuleysis-tryggingasjóðs og kjarasamninga sem metnar eru á 1,5 milljarða króna.

MARKMIÐ FJÁRLAGA FYRIR ÁRIÐ 1992

Í fjárlögum fyrir árið 1992 var stefnt að eftirfarandi markmiðum:

- ◆ Að lánsfjárförf opinberra aðila verði minni en 24 milljarðar króna.
- ◆ Að lánsfjárförf ríkissjóðs verði minni en 6 milljarðar króna.
- ◆ Að rekstrarhalli ríkissjóðs verði minni en 4 milljarðar króna, sem jafngildir 4,5% samdrætti útgjalda að raungildi.
- ◆ Að ofangreindum markmiðum yrði náð án þess að hækka skatta.

Í athugasemdum við fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1992 er m.a. greint frá því að lækkun á halla ríkissjóðs verði ekki náð nema almenningur stilli kröfum til opinberrar þjónustu í hóf og ábyrgir kjarasamningar náist. Þá er greint frá því markmiði að draga úr ríkisútgjöldum og muni ríkisstjórnin fylgja því eftir með nýjum aðferðum: Ríkisfyrirtæki verði seld, lögð á þjónustugjöld, starfsmannastefna stofnana ríkisins endurskoðuð og aðild ríkisins að ýmsum verkefnum endurmetin.

Þá er í athugasemdum við frumvarpið greint frá því að verkefni framundan á sviði skattamála séu fjölmörg og taki bæði til almennra skattalagabreytinga og skattaframkvæmdarinnar. Það helsta í því efni er talið eftirfarandi:

- ◆ Skattlagningu eigna og eignatekna þarf að samræma.
- ◆ Stefnt er að lækkun skatthlutfalls tekjuskatts einstaklinga með því að draga úr ríkisumsvifum og afnema sérstakar skattaívilnanir.
- ◆ Stefnt er að lækkun tekjuskattshlutfalls fyrirtækja. Skattstofninn þarf að breikka þannig að breytingin hafi ekki í för með sér tekjutap ríkissjóðs.
- ◆ Stefnt er að lækkun skatthlutfalls virðisaukaskatts, m.a. með því að fækka undanþágum auk þess sem eftirlit verði hert.
- ◆ Samræma tryggingagjald eftir atvinnugreinum.

Í meðförum Alþingis tók gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins veigamiklum breytingum. Nokkrir fjárlagaliðir voru lækkaðir, fyrst og fremst vegna rekstrar- og launaliða alls um 2,6 milljarða króna. Á móti var einstökum ráðuneytum veittir tæplega 1,2 milljarðar króna í tengslum við rekstrarsparnað. Samtals lækkaði gjaldahlið frumvarpsins í meðförum Alþingis um 570 milljónir króna frá því sem hún upphaflega var. Þannig eru útgjöld A-hluta ríkissjóðs 1992 áætluð 109,6 milljarðar króna í stað 110,1 milljarðs króna í upphaflegri mynd fjárlaga-frumvarpsins.

Heildartekjur ríkissjóðs voru áætlaðar í frumvarpinu 106,4 milljarðar króna en í fjárlögum eru þær áætlaðar 105,5 milljarðar króna eða tæpum milljarði króna lægri. Helstu breytingar á teknaðlið voru þær að virðisaukaskattur var lækkaður um 2,5 milljarða króna en á móti voru beinir skattar hækkaðir um 400 milljónir króna, frestað var niðurfellingu jöfnunargjalds að fjárhæð um 500 milljónir króna og kveðið var á um sérstök framlög frá sveitarfélögum í landinu að fjárhæð 600 milljónir króna til að standa undir hluta af löggæslukostnaði ríkisins.

Við afgreiðslu Alþingis á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1992 jókst rekstrarhallinn um 400 milljónir króna er svarar til 0,4% af tekjum og hækkaði lánsfjárförf ríkissjóðs sem því nam.

GREIÐSLUAFKOMA A-HLUTA RÍKISSJÓÐS Á FYRRI HELMINGI ÁRSINS 1992

Lánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs að frádregnum afborgunum af lánum, sem ríkissjóður hefur veitt, og yfirteknum lánum og skuldbindingum skv. nýjum búvörusamningi nam 11,3 milljörðum króna í samanburði við 11,7 milljarða króna á sama tímabili í fyrra. Á föstu verðlagi er lánsfjárförfin um 1,3 milljörðum króna lægri en á sama tímabili ársins 1991. Hrein lánsfjárförf þegar afborganir tekinn lána ríkissjóðs hafa verið dregnar frá nemur 5,9 milljörðum króna í ár samanborið við 8,0 milljarða króna á fyrstu sex mánuðum ársins 1991. Á föstu verðlagi lækkar hrein lánsfjárförf um 2,5 milljarða króna eða um tæplega þriðjung.

Lántökur ríkissjóðs námu alls 13,9 milljörðum króna. Innlend lántaka nam 9,9 milljörðum króna, þar af voru lántökur í formi yfirtöku lána og skuldbindinga skv. nýjum búvörusamningi 2,6 milljarðar króna (aðrar lántökur í töflu hér á eftir). Erlendar lántökur námu 3,4 milljörðum króna og yfirdráttur á viðskiptareikningi í Seðlabanka Íslands 600 milljónum króna. Á árinu 1991 nam lánsfjárförfin 13,0 milljörðum króna sem mætt var með innlendri lántöku að fjárhæð 4,1 milljarður króna (þar af námu aðrar lántökur 1,3 milljörðum króna), 100 milljóna króna erlendri lántöku og 8,8 milljarða króna yfirdrætti á viðskiptareikningi hjá Seðlabanka Íslands.

Meginbreyting á fjármögnun ríkissjóðs í ár samanborið við árið 1991 er að ríkissjóði hefur í ár tekist að fjármagna fjárförf sína að mestu á innlendum fjármagnsmarkaði í stað þess að yfirdraga viðskiptareikning sinn hjá Seðlabanka Íslands. Þannig hefur því markmiði að fjármagna A-hluta ríkissjóðs utan Seðlabanka Íslands á fyrri helmingi þessa árs verið náð.

	Reikn. 1992	Fjárheimild 1992	Reikn. 1991
Fjárhæðir í m.kr.			

Lánsfjárförf (brúttó)	16.028	16.594	14.584
- Afborganir veittra lána	<u><2.128></u>	<u><2.110></u>	<u><1.551></u>
Lánsfjárförf (nettó)	13.900	14.484	13.033
Aðrar lántökur	<u><2.642></u>	<u><2.642></u>	<u><1.296></u>
Lánsfjárförf	11.258	11.842	11.737
Afborgun tekinnna lána	<u><5.330></u>	<u><5.680></u>	<u><3.741></u>
Hrein lánsfjárförf	<u>5.928</u>	<u>6.162</u>	<u>7.996</u>
Lántökur			
Innlendar	7.232	7.120	2.768
Erlendar	3.361	4.340	159
Seðlab. Ísl. viðskiptar.	<u>665</u>	<u>382</u>	<u>8.810</u>
Samtals	11.258	11.842	11.737
Beinar lántökur	<u>2.642</u>	<u>2.642</u>	<u>1.296</u>
Alls	<u>13.900</u>	<u>14.484</u>	<u>13.033</u>

Heildarlánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs á ofangreindu tímabili nam 16,0 milljörðum króna. Er þá meðtalin yfirtaka láns hjá Framkvæmdasjóði Íslands frá 9. maí 1992 með heimild í 13. gr. lánsfjárlaga 1992 að fjárhæð 1,7 milljarðar króna og lántaka vegna uppkaupa á fullvirðisrétti í sauðfjárrækt að fjárhæð 942 milljónir króna samkvæmt búvörusamningi ríkisins og samtaka bænda frá 11. mars 1991. Í þeim samningi var kveðið á um að ríkissjóður gæfi út skuldabréf í ársbyrjun 1992 fyrir 3/4 hlutum uppkaupanna. Fyrir lántökum þessum hefur hvorki verið gerð grein í fjárukalögum á árinu 1991 né fjárlögum fyrir árið 1992, (þ.e.a.s. sem lántökum ríkissjóðs og framlagi á gjaldahlið).

Til að mæta rekstrarhalla A-hluta ríkissjóðs var á fyrstu sex mánuðum þessa árs ráðstafað 2,9 milljörðum króna skv. yfirliti frá ríkisbókhaldi sem er tæplega 750 milljónum króna minna en áætlun innan ársins gerði ráð fyrir og 2,0 milljörðum króna minna en á sama tímabili ársins 1991. Afborganir lána, veitt lán, útgreiðslur af viðskiptareikningi og hlutafjár- og stofnframlög námu 10,5 milljörðum króna sem er 176 milljónum króna hærrí fjárhæð en áætlanir ársins gerðu ráð fyrir. Á árinu 1991 námu útgreiðslur vegna framangreindra viðfangsefna 8,0 milljörðum króna. Frávik skýrast alfarið af hærri afborgunum skulda ríkissjóðs og veittum lánnum til aðila utan A-hluta ríkissjóðs.

Ríkissjóður mætti fjárförf sinni með því að taka lán til langs tíma að fjárhæð 5,9 milljarðar króna. Sala spariskírteina ríkissjóðs nam 2,5 milljörðum króna og erlendar lántökur námu 3,4 milljörðum króna. Þá nam sala ríkisbréfa og ríkisvixla umfram innlausn þeirra 4,7 milljörðum króna. Lántökur urðu um 870 milljónum króna lægri en áætlað var. Þá námu beinar

lántökur og yfirtaka lána 2,6 milljörðum króna eins og að framan greinir. Afborganir veittra lána ríkissjóðs námu 2,1 milljarði króna til loka júní s.l.

Frávik frá áætlun um lántökur til loka júní s.l. felast í því að sala spariskírteina var 800 milljónum króna hærrí en gert var ráð fyrir, erlendar lántökur urðu um 980 milljónum króna lægri og sala ríkisverðbréfa og ríkisvixla 690 milljónum króna minni en áformað var. Á sama tímabili 1991 námu lántökur til lengri tíma 3,8 milljörðum króna. Sala spariskírteina ríkissjóðs nam þá 2,0 milljörðum króna sem er tæplega 500 milljónum króna minni sala en í ár. Aðrar innlendar lántökur námu þá 1,6 milljörðum króna og erlendar lántökur 160 milljónum króna, en í ár námu þær 3,4 milljörðum króna. Þá námu aðrar lántökur 1,3 milljörðum króna á nefndu tímabili 1991 í samanburði við 2,6 milljarða króna í ár. Innlausn umfram sölu ríkisverðbréfa og ríkisvixla nam á fyrri helmingi síðasta árs tæplega 850 milljónum króna í samanburði við sölu umfram innlausn í ár að fjárhæð 4,7 milljarðar króna.

Fjárstreymi A-hluta ríkissjóðs

Tímabilið janúar - júní 1992.

Fjárh. í m.kr.	Reikn. 1992	Fjárheimild 1992	Frávik	Reikn. 1991	Frávik 91/92
Uppruni					
Lántökur:					
Spariskírteini	2.499	1.700	799	2.021478	
Önnur innl. fjáröflun	7		7	1.590<1.583>	
Erlendar lántökur	<u>3.361</u>	<u>4.340</u>	<u><979></u>	<u>159</u>	<u>3.202</u>
	5.867	6.040	<173>	3.770	2.097
Ríkisbréf og víxlar, nettó	<u>4.726</u>	<u>5.420</u>	<u><694></u>	<u><843></u>	<u>5.569</u>
	10.593	11.460	<867>	2.927	7.666
Aðrar lántökur	<u>2.642</u>	<u>2.642</u>	-	<u>1.2961.346</u>	
Lántökur alls	13.235	14.102	<867>	4.2239.012	
Afborganir veittra lána	<u>2.128</u>	<u>2.110</u>	<u>18</u>	<u>1.551</u>	<u>577</u>
Uppruni alls	<u>15.363</u>	<u>16.212</u>	<u><849></u>	<u>5.7749.589</u>	
Ráðstöfun					
Til rekstrar skv. yfirliti	2.900	3.642	<742>	4.956<2.056>	
Afborgun lána	5.330	5.680	<350>	3.7411.589	
Veitt lán	3.372	3.460	<88>	2.416	956
Hlutfé og stofnfé	174	200	<26>	173	1
Viðskiptareikningur, nettó	<u>1.610</u>	<u>970</u>	<u>640</u>	<u>1.699</u>	<u><89></u>
	13.386	13.952	<566>	12.985	401
Beinar lántökur til gjaldf.	<u>2.642</u>	<u>2.642</u>	<u>0</u>	<u>1.599</u>	<u>1.043</u>
Ráðstöfun alls	<u>16.028</u>	<u>16.594</u>	<u><566></u>	<u>14.584</u>	<u>1.444</u>
Breytingar á handbæru fé	<u><665></u>	<u><382></u>	<u>283</u>	<u><8.810></u>	<u>8.145</u>

REKSTRARAFKOMA A-HLUTA RÍKISSJÓÐS FYRRI HLUTA ÁRS 1992 Í SAMANBURÐI VIÐ SAMA TÍMABIL ÁRIÐ 1991

Rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs samkvæmt greiðslufirliti ríkisbókhalds nam 2,9 milljörðum króna á fyrstu sex mánuðum ársins 1992 í samanburði við tæpa 5,0 milljarða króna á sama tímabili ársins 1991.

Tekjur námu 51,8 milljörðum króna fyrri hluta ársins 1992. Hafa þær hækkað um 3,2 milljarða króna frá fyrra ári eða sem svarar til 6,7%. Gjöld námu 54,7 milljörðum króna og eru þau 1,2 milljörðum króna hærri en á fyrri hluta árs 1991 eða sem nemur 2,2%. Rekstrarhallinn nam þannig 2,9 milljörðum króna fyrri hluta árs 1992 og er 2,1 milljarði króna lægri en hann var á sama tímabili í fyrra.

Í milljónum króna	Útkoma 1991	Framreikn. 1991	Útkoma 1992	Frávik m.kr.	Frávik %	Raunfrávik m.kr.	Raunfrávik %
Tekjur	48.536	51.045	51.764	3.228	6,7	720	1,4
Gjöld	<u>53.491</u>	<u>56.514</u>	<u>54.664</u>	<u>1.173</u>	<u>2,2</u>	<u>-1.850</u>	<u>-3,3</u>
Gjöld umfram tekjur	<u>4.955</u>	<u>5.469</u>	<u>2.900</u>	<u>-2.055</u>	<u>-41,5</u>	<u>-2.569</u>	<u>47,0</u>

Sé miðað við fast verðlag eru tekjur A-hluta ríkissjóðs um 720 milljónum króna hærri í ár en á sama tímabili 1991 eða sem nemur 1,4% að raunvirði. Gjöld A-hluta ríkissjóðs eru hins vegar rúmlega 1,8 milljörðum króna lægri á fyrri hluta þessa árs en þau voru á sama tímabili ársins 1991 eða sem nemur 3,3% að raunvirði. Þannig hefur rekstrarhallinn á föstu verðlagi lækkað um tæpa 2,6 milljarða króna á fyrri helmingi ársins frá því sem hann var á fyrri helmingi ársins 1991.

Þegar lækkun útgjalda A-hluta ríkissjóðs milli fyrri árshelminga árána 1991 og 1992 er metin er þess að gæta að vaxtagjöld hafa verið lækkuð um 167,5 milljónir króna sem nemur áætluðum afföllum seldra spariskírteina. Eru þau færð á viðskiptareikning. Til þessa hafa afföll verið færð til gjalda strax við sölu. Ef sömu reikningssskilaaðferðum hefði verið beitt í ár í þessu sambandi og gert var á síðasta ári hefðu vaxtagjöldin í ár orðið hærri sem framangreindri fjárhæð nemur. Þá hafa 174,7 milljónir króna ennfremur verið færðar til lækkunar á vaxtagjöldum vegna yfiringis á erlendum lántökum sem ríkissjóður tók á þessu ári. Ríkisendurskoðun telur eðlilegra að færa yfiringi sem vaxtatekjur í stað þess að lækka vaxtagjöld sem því

nemur. Rekstrarafkoman verður þó hin sama, hvor aðferðin sem notuð er. Góð reikningsskilavenja krefst þess hins vegar að samræmis sé gætt í aðferðum en svo sýnist ekki hafa verið í þessu sambandi. Það lýsir sér í því að gjaldfærslu á framangreindum afföllum á spariskírteinum er frestað með því að færa þau á viðskiptareikning en tekjur í formi yfiringis koma á hinn bóginn strax til lækkunar vaxtagjalda.

INNHEIMTAR TEKJUR RÍKISSJÓÐS Á FYRRI HELMINGI ÁRSINS 1992

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrri helmingi ársins námu 51.765 milljónum króna og eru þær tæpum 400 milljónum króna minni en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Í millj. kr.	Útkoma	Áætlun	Frávik	%
Eignarskattar	1.584	1.336	248	18,6
Tekjuskattur, einstaklingar	8.848	9280	-432	-4,7
Tekjuskattur, félög	1.301	1.277	24	1,9
Persónuafsláttur	<u>9</u>	<u>12</u>	<u>-3</u>	<u>-25,0</u>
Beinir skattar	<u>11.742</u>	<u>11.905</u>	<u>-163</u>	<u>-1,4</u>
Aðflutningsgjöld	1.648	1.752	-104	-5,9
Gjöld af innflutningi	3.091	3.109	-18	-0,6
Tekjur af sölu erl. gjaldeyris	151	192	-41	-21,4
Skattur af framl. og innfl.	1.157	1.122	35	3,1
Virðisaukaskattur	19.658	20.005	-347	-1,7
Skattur af orku	40	42	-2	-4,8
Skattur af einkasölu	2.897	2.775	122	4,4
Sérstakur skattur af þjónustu	43	41	2	4,9
Aðrir skattar af v.þj.	382	393	-11	-2,8
Skattar af launagr.	4.759	4.649	99	2,1
Aðrir óbeinir skattar	<u>2.940</u>	<u>2.833</u>	<u>107</u>	<u>3,8</u>
Óbeinir skattar	<u>36.766</u>	<u>36.913</u>	<u>-147</u>	<u>-0,4</u>
Vaxtatekjur o.fl.	2.149	1.860	289	15,5
Arðgreiðslur	<u>824</u>	<u>1.042</u>	<u>-218</u>	<u>-20,9</u>
Fjármunatekjur	<u>2.973</u>	<u>2.902</u>	<u>71</u>	<u>2,4</u>
Sala eigna	172	0	172	-
Ýmsar tekjur	<u>112</u>	<u>418</u>	<u>-306</u>	<u>-73,2</u>
Aðrar tekjur	<u>284</u>	<u>418</u>	<u>-134</u>	<u>-32,1</u>
Tekjur samtals	<u>51.765</u>	<u>52.138</u>	<u>-373</u>	<u>0,7</u>

Eins og sést á töflunni hér að framan eru ekki um ýkja mikil frávik frá áætlun að ræða. Frávik í tekjuskatti einstaklinga skýrist af meiri tekjubreytingu en reiknað var með í forsendum fjárlaga. Auknar vaxtatekjur má rekja til skila Seðlabanka Íslands á fyrri helmingi þessa árs á innheimtum viðurlögum að fjárhæð 207 milljónir króna vegna veikrar lausafjárstöðu innlánsstofnana á síðasta ári.

Arðgreiðslur eru 218 milljónum króna lægri en reiknað var með. Frávikið skýrist annars vegar af því að engin greiðsla hefur borist frá Pósti & Síma en áætlað var að hún næmi 313 milljónum króna á fyrri helmingi ársins. Hins vegar var hluti ríkissjóðs af hagnaði Seðlabanka Íslands 86 milljónum króna hærrí en áætlað var.

Sala eigna nam 172 milljónum króna á fyrri helmingi ársins. Annars vegar voru seldar fasteignir fyrir rúmar 86 milljónir króna og hins vegar voru seld hlutabréf í Ríkisprentsmiðjunni Gutenberg hf. fyrir tæpar 86 milljónir króna. Áætlanir ársins gerðu ekki ráð fyrir neinni sölu á fyrri helmingi ársins.

Ýmsar tekjur eru rúmum 300 milljónum króna lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Skýringin er sú að í áætlun fjárlaga var gert ráð fyrir að hluti sveitarfélaga í löggæslukostnaði, alls 600 milljónir króna, yrði greiddur mánaðarlega með jöfnum greiðslum. Reglugerð um greiðslu þessa kostnaðar var hins vegar ekki gefin út fyrr en um mitt ár og koma því þessar 600 milljónir króna inn á seinni helmingi ársins.

INNHEIMTAR TEKJUR FYRSTU SEX MÁNUÐI ÁRSINS 1992 Í SAMANBURÐI VIÐ SAMA TÍMABIL ÁRSINS 1991

Fyrstu sex mánuði ársins 1992 námu innheimtar tekjur ríkissjóðs 51.765 milljónum króna, sem er 3.230 milljónum króna meira en á sama tímabili 1991 og nemur hækkunin 6,7%.

Í millj. króna	1992	1991	Frávik	%
Eignarskattar	1.584	1.382	202	14,6
Tekjuskattur	<u>10.158</u>	<u>9.268</u>	<u>890</u>	<u>9,6</u>
Beinir skattar	<u>11.742</u>	<u>10.650</u>	<u>1.092</u>	<u>10,3</u>
Innflutningsgjöld	4.739	5.142	-403	-7,8
Skattar af framl. og innfl.	1.157	1.108	49	4,4
Virðisaukaskattur	19.658	18.745	913	4,9
Skattar af einkasöluv.	2.897	2.652	245	9,2
Skattar af launagr.	4.759	4.086	673	16,5
Aðrir óbeinir skattar	<u>3.556</u>	<u>3.161</u>	<u>395</u>	<u>12,5</u>
Óbeinir skattar	<u>36.766</u>	<u>34.894</u>	<u>1.872</u>	<u>5,4</u>
Vaxta- og lánatekjur	2.149	1.726	423	24,5
Arðgreiðslur	<u>824</u>	<u>837</u>	<u>-13</u>	<u>-1,6</u>
Fjármunatekjur	<u>2.973</u>	<u>2.563</u>	<u>410</u>	<u>16,0</u>
Aðrar tekjur	<u>284</u>	<u>428</u>	<u>-144</u>	<u>-33,7</u>
Samtals tekjur	<u>51.765</u>	<u>48.535</u>	<u>3.230</u>	<u>6,7</u>

Helstu frávik á verðlagi hvors árs eru:

Eignarskattar hækka um 202 milljónir króna á milli umræddra tímabila árána 1991 og 1992. Eignarskattar einstaklinga hækka um 122 milljónir króna eða um 14,9%. Eignarskattar félaga hækka um 80 milljónir króna eða um 13,9%.

Tekjuskattar hækka um 890 milljónir króna á fyrri helmingi þessa árs frá því sem þeir voru á sama tímabili í fyrra. Annars vegar hækkar tekjuskattur félaga um 156 milljónir króna eða 13,6% og hins vegar hækkar tekjuskattur einstaklinga um 734 milljónir króna eða 9,1%.

Þessi hækkun á tekjuskatti einstaklinga er í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar er innheimta á staðgreiðslu og eftirstöðvum tekjuskatts 343 milljón krónum hærrí fyrstu sex mánuði ársins 1992 en hún var á sama tímabili 1991 og nemur aukningin 3,2%. Hins vegar eru hinar ýmsu bótagreiðslu 391 milljón króna lægri á fyrri helmingi þessa árs en þær voru á sama tímabili í fyrra. Þar vegur þyngst lækkun barnabóta og barnabótaauka um 356 milljónir króna eða 14,9%.

Innflutningsgjöld dragast saman um 403 milljónir króna milli umræddra tímabila áráanna 1991 og 1992 eða um 7,8%. Innflutningsgjald af bifreiðum lækkar um 325 milljónir króna eða um 30%. Lækkun jöfnunargjalds nemur 130 milljónum króna eða 28,7% en innflutningsgjald af bensíni hækkar hins vegar um 220 milljónir króna milli umræddra árshelminga áráanna 1991 og 1992 eða um 13,4% en almenn aðflutningsgjöld lækka um 220 milljónir króna milli ára eða um 11,8%.

Tekjur af virðisaukaskatti hækka um 913 milljónir fyrstu sex mánuði ársins 1992 miðað við sama tímabil 1991 eða um 4,9%. Virðisaukaskattur sem innheimtur er við innflutning er um 915 milljónum króna lægri á fyrri helmingi þessa árs en hann var á sama tímabili í fyrra eða sem nemur um 7,7%. Virðisaukaskattur af viðskiptum innanlands hækkar hins vegar um 1.686 milljónir króna á sama tímabili eða um 20,1%. Ýmsar endurgreiðslur í virðisaukaskatti lækka um 141 milljón króna á fyrri helmingi ársins miðað við sama tímabil í fyrra eða um 9,7%.

Skattar af launagreiðslum eru 673 milljónum króna hærrí á fyrstu sex mánuðum ársins 1992 miðað við sömu mánuði 1991 og nemur hækkunin 16,5%. Tryggingagjald var fyrst innheimt á árinu 1991 og virðist þessi kerfisbreyting leiða til mun skilvirkari innheimtu en áður var á ýmsum gjöldum sem lögð voru á launagreiðslur.

Aðrir óbeinir skattar eru 395 milljónum króna hærrí á fyrri árshelming 1992 miðað við sama tímabil 1991 og nemur hækkunin 12,5%. Þessa hækkun má fyrst og fremst að rekja til hærrí bifreiðagjalda en þau hækka um 254 milljónir króna milli umræddra tímabila eða um 21,7%. Þá hafa aukatekjur ríkissjóðs hækkað umtalsvert á milli ára í kjölfar nýrra laga um þær.

Vaxta- og lánatekjur hækka um 423 milljónir króna á fyrri helmingi ársins 1992 frá því sem þær voru á sama tímabili 1991 eða um 24,5%. Vextir af langtímakröfum hækka um 138 milljónir króna eða 14,2%. Viðurlög vegna lausafjárstöðu innlánsstofnana námu 207 milljónum króna fyrstu sex mánuði ársins 1992 miðað við 22 milljónir króna á sama tímabili í fyrra. Aðrar

vaxtatekjur, þ.m.t. dráttarvextir, hækka um 100 milljónir króna á milli árshelminganna eða um 13,8%.

Aðrar tekjur voru um 144 milljónum króna lægri á fyrri helmingi ársins 1992 en þær voru á sama tímabili í fyrra eða um 33,7%. Skýringa er fyrst og fremst að leita í minni sölu eigna en á fyrstu sex mánuðum ársins 1992 voru seldar eignir fyrir tæpar 172 milljónir króna samanborið við 324 milljónir króna fyrstu sex mánuði ársins 1991.

Að raungildi hafa tekjur ríkissjóðs aukist um 1,4% fyrstu sex mánuði ársins 1992 miðað við sama tímabil 1991 eða um rúmar 700 milljónir króna. Beinir skattar hækkuðu um 518 milljónir króna eða 4,6%, óbeinir skattar hækkuðu um 109 milljónir króna eða 0,3% og aðrar tekjur hækkuðu um rúmar 90 milljónir króna.

Af einstökum tekjuliðum er raunaukningin mest í sköttum af launagreiðslum, rúmar 460 milljónir króna. Tekjuskattur einstaklinga eykst um rúmar 300 milljónir króna og vaxtatekjur um 320 milljónir króna. Hins vegar lækka innflutningsgjöld að raungildi um rúmar 400 milljónir króna og virðisaukaskattur um rúmar 200 milljónir króna eða um 1,1%.

GJÖLD Í SAMANBURÐI VIÐ GREIÐSLUÁÆTLANIR FJÁRLAGA FYRIR FYRRI HLUTA ÁRSINS 1992

Útgjöld stofnana í A-hluta fjárlaga á fyrri hluta ársins 1992 námu 54,7 milljörðum króna og eru 1,1 milljarði króna undir áætlunum fyrir sama tímabil eða sem svarar til 2,0%.

Útgjöld A-hluta ríkissjóðs í samanburði við áætlun á fyrri hluta árs 1992.

Ráðuneyti í milljónum króna	Greitt 1992	Heimild 1992	Mism.	Mism. %	Umfr. greitt	Óhafin framl.
Æðsta stjórn ríkisins	481	516	-35	-6,81	36	
Forsætisráðuneyti	156	165	-9	-5,7	0	9
Menntamálaráðuneyti	9.228	9.333	-105	-1,1	565	670
Utanríkisráðuneyti	706	691	15	2,2	54	39
Landbúnaðarráðuneyti	2.932	2.909	23	0,8	165	142
Sjávarútvegssráðuneyti	550	577	-27	-4,5	3	29
Dóms- og kirkjum.rn.	2.237	2.402	-165	-6,979	245	
Félagsmálaráðuneyti	2.329	2.408	-79	-3,370	149	
Heilbr.- og trygg.m.rn.	22.250	21.278	973	4,6	1.256	283
Fjármálaráðuneyti	6.847	7.831	-984	-12,6	218	1.201
Samgönguráðuneyti	3.460	3.707	-247	-6,755	302	
Iðnaðarráðuneyti	451	544	-92	-17,0	47	140
Viðskiptaráðuneyti	2.740	3.071	-331	-10,8	3	335
Hagstofa Íslands	54	59	-6	-9,7	1	6
Umhverfissráðuneyti	243	289	-47	-16,1	7	54
	<u>54.664</u>	<u>55.780</u>	<u>-1.116</u>	<u>-2,0</u>	<u>2.524</u>	<u>3.640</u>

Umframgreiðslur námu 2,5 milljörðum króna en það eru greiðslur til A-hluta stofnana umfram áætlanir. Frávikkið liggur einkum í rekstri mennta- og tryggingakerfisins. Á móti umframgreiðslum voru óhafin framlög að fjárhæð 3,6 milljarðar króna en það eru þau framlög sem ekki hafa enn verið nýtt. Óhafin framlög koma einkum fram í vaxtagjöldum ríkissjóðs, niðurgreiðslum á vöruverði, Lánasjóði íslenskra námsmanna og viðhaldskostnaði Vegagerðar ríkisins. Þá hafa áætluð framlög til greiðslu tjónabóta og ríkisábyrgða svo og uppbætur á lífeyri enn ekki verið nýtt á árinu.

Á fyrri hluta ársins 1991 fóru útgjöld A-hluta stofnana 602 milljónir króna fram úr áætlunum fyrir sama tímabil. Frávikið skiptist þannig að umframgreiðslur námu 2,8 milljörðum króna en á móti komu óhafin framlög að fjárhæð 2,2 milljarðar króna.

Eftirfarandi skýringar eru á helstu frávikum útgjalda frá greiðslu-áætlunum fyrstu sex mánuði ársins 1992.

Greiðslur til menntamálaráðuneytis voru 105 milljónum króna lægri en áætlanir og má aðallega rekja það til þess að fjárveiting til Lánasjóðs íslenskra námsmanna að fjárhæð 248 milljónir króna hefur enn ekki verið nýtt. Þá er fjárveiting til byggingar Þjóðarbókhlöðu 79 milljónum króna lægri en áætlanir fyrir fyrstu sex mánuðum ársins gerðu ráð fyrir. Rekstrarútgjöld menntakerfisins hafa hins vegar farið fram úr því sem áætlað var. Þannig hefur Háskóli Íslands farið verulega fram úr áætlunum á fyrri hluta ársins eða sem nemur 102 milljónum króna. Rekstur framhaldsskóla fór 58 milljónir króna fram úr áætlunum, sérskólar um 21 milljón króna og grunnskólar og skólar fyrir þroskahefta um 35 milljónir króna.

Greiðslur til utanríkisráðuneytis fóru 15 milljónir króna fram úr áætlunum eða sem nemur 2,2%. Embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli fór 22 milljónir króna fram úr áætlunum og rekstur sendiráða fór 10 milljónir króna fram úr því sem áætlað var fyrir á fyrstu sex mánuðum ársins. Á móti kemur að fjárveiting til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi að fjárhæð 13 milljónir króna hefur enn ekki verið nýtt og sama á við um 13 milljóna króna framlag til ýmissa verkefna á sviði utanríkismála.

Greiðslur til landbúnaðarráðuneytis fóru 23 milljónir króna fram úr áætlunum eða sem nemur 0,8%. Greiðslustaða stofnana ráðuneytisins er mjög misjöfn. Þannig voru 57 milljónir króna af áætlaðri fjárveitingu til Jarðasjóðs ónýttar á fyrstu sex mánuðum ársins og sama á við um 44 milljóna króna framlag vegna búvöruframleiðslu. Þá voru greiðslur til sauðfjárveikivarna 20 milljónir króna innan áætlunar. Greiðslur til jarð- og búfjárræktar fóru hins vegar 76 milljónir króna fram úr áætlunum á fyrri hluta ársins og greiðslur til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins fóru 52 milljónir króna fram úr áætlunum.

Greiðslur til dóms- og kirkjumálaráðuneytis voru 165 milljónum króna lægri en gert var ráð fyrir í áætlunum eða sem nemur 6,9%. Af þeim stofnunum sem voru innan áætlunar má nefna Landhelgisgæslu Íslands með 30 milljónir króna, Lögreglustjóran í Reykjavík með 21 milljón króna, fangelsismál með 28 milljónir króna og stofnanir kirkjumála með 25 milljónir króna. Á móti kemur að rekstur embætta sýslumanna fór 44 milljónir króna fram úr áætlunum. Þau embætti eiga hins vegar ónýtta fjárveitingu vegna húsnæðis og búnaðar að fjárhæð 46 milljónir króna.

Greiðslur til félagsmálaráðuneytis voru 79 milljónum króna lægri en áætlanir fyrri hluta árs gerðu ráð fyrir eða sem nemur 3,3%. Framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra að fjárhæð 63 milljónir króna höfðu ekki verið nýtt og óhafin framlög til ýmissa verkefna á sviði félagsmála námu 26 milljónum króna. Greiðslur vegna ríkisábyrgðar á launum hafa hins vegar farið 40 milljónir króna fram úr áætlunum.

Greiðslur til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis fóru 973 milljónir króna fram úr áætlunum eða sem nemur 4,6%. Fráviknið skýrist af því að greiðslur til lífeyris- og sjúkratrygginga fóru 955 milljónir króna fram úr því sem áætlað var. Þá voru framlög til Atvinnuleysistrygginga-sjóðs 192 milljónum króna hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Greiðslur til fjármálaráðuneytis voru 984 milljónum króna lægri á fyrstu sex mánuðum ársins en áætlanir gerðu ráð fyrir eða sem svarar til 12,6%. Fráviknið skýrist einkum af minni vaxtagreiðslum af lánum ríkissjóðs en þær voru 684 milljónum króna lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum voru 170 milljónir króna innan áætlunar, óhafin framlög til greiðslu uppbóta á lífeyri námu 105 milljónum króna og til greiðslu ríkisábyrgða og tjónabóta 135 milljónum króna. Á móti kemur að kostnaður og kaup á ýmsum fasteignum ríkissjóðs fóru 163 milljónir króna fram úr áætlunum.

Greiðslur til samgönguráðuneytis voru 247 milljónum króna lægri en áætlanir fyrri hluta ársins gerðu ráð fyrir eða sem svarar til 6,7%. Greiðslur til Vegagerðar ríkisins voru 223 milljónir króna innan áætlunar sem skýrist einkum af því að viðhaldskostnaður var lægri á fyrstu sex mánuðum ársins en áætlað var. Greiðslur til Flugmálastjórnar fóru 19 milljónir króna fram úr áætlunum og til Vita- og hafnarmálaskrifstofu voru greiddar 13 milljónir króna umfram það sem áætlað hafði verið.

Greiðslur til iðnaðarráðuneytis voru 92 milljónir króna innan áætlana eða sem nemur 17,0%. Þar skiptir mestu að framlag til Orkustofnunar að fjárhæð 51 milljón króna hefur enn ekki verið innt af hendi og óhafin framlög til ýmissa verkefna á sviði orkumála námu 42 milljónum króna.

Af áætluðum fjárveitingum til viðskiptaráðuneytis hafa 331 milljón króna ekki enn verið nýttar á árinu. Skýringin er einkum sú að niðurgreiðslur á vöruverði voru 326 milljónum króna lægri en áætlað hafði verið á fyrstu sex mánuðum ársins.

Greiðslur til umhverfisráðuneytis voru 47 milljónir króna innan áætlunar eða sem svarar til 16,1% og skýrist það einkum af því að greiðslur

til embættis Veiðistjóra voru 28 milljónum króna lægri en gert hafði verið ráð fyrir.

GJÖLD FYRRI HLUTA ÁRS 1992 Í SAMANBURÐI VIÐ SAMA TÍMABIL ÁRIÐ 1991

Gjöld A-hluta ríkissjóðs námu 54,7 milljörðum króna fyrstu sex mánuði ársins 1992 og eru 1,2 milljörðum króna hærrí en þau voru á sama tímabili ársins 1991. Hækkun þessi nemur 2,2%. Sé miðað við fast verðlag hafa útgjöldin lækkað um 1,7 milljarða króna eða sem nemur 3,1% að raunvirði.

Í milljónum króna	Útkoma 1991	Framreikn. 1991	Útkoma 1992	Frávik m.kr.	Frávik %	Raunfrávik m.kr.	Raunfrávik %
Launagjöld	12.024	12.541	12.617	593	4,9	76	0,6
Rekstrargjöld	11.659	12.363	11.325	-334	-2,9	-1.038	-8,4
Tilfærslur	11.236	11.915	13.040	1.804	16,1	1.125	9,4
Almannatryggingar	12.380	13.048	12.660	280	2,3	-388	-3,0
Vaxtagjöld	5.005	5.287	4.584	-421	-8,4	-703	-13,3
Eignakaup	1.187	1.254	438	-749	-63,1	-816	-65,1
Samtals gjöld	<u>53.491</u>	<u>56.408</u>	<u>54.664</u>	<u>1.173</u>	<u>2,2</u>	<u>-1.744</u>	<u>-3,1</u>

Lækkun gjaldaliða að teknu tilliti til almennra verðhækkana nam um 1,8 milljörðum króna og má einkum finna hana í eftirfarandi útgjaldaflokkum:

- ◆ Eignakaup lækkuðu um 820 milljónir króna. Lækkunin skýrist fyrst og fremst af minni fasteignakaupum ríkissjóðs eða sem nemur um 770 milljónum króna. Á árinu 1991 keypti ríkissjóður m.a. fasteign Sláturfélags Suðurlands við Laugarnesveg á 430 milljónir króna og hús Íslandsbanka við Lækjartorg á 200 milljónir króna. Önnur eignakaup ríkisins hafa lækkað um 41 milljón króna.
- ◆ Vaxtagreiðslur af lánum ríkissjóðs lækkuðu um 700 milljónir króna. Af þeirri fjárhæð lækkuðu vaxtagreiðslur ríkissjóðs vegna erlendra lána um 610 milljónir króna. Á árinu 1992 eru afföll seldra spariskírteina að fjárhæð um 167 milljónir króna bakfærð af vaxtagjöldum og flutt á fyrirframgreidda vexti. Samskonar færsla á sér ekki hliðstæðu á árinu 1991.
- ◆ Greiðslur almannatrygginga lækkuðu um tæpar 390 milljónir króna. Á árinu 1992 voru sex stofnanir fluttar af daggjöldum yfir

á föst fjárlög og nam rekstrarkostnaður þeirra um 400 milljónum króna. Útgjöld til sjúkratrygginga lækkuðu því um sömu fjárhæð á fyrri hluta ársins 1992 frá því sem þau voru á sama tímabili í fyrra.

- ◆ Launagjöld stofnana í A-hluta fjárlaga eru svo til óbreytt að raunvirði á fyrri hluta ársins 1992 frá því sem þau voru á sama tímabili í fyrra. Hækkunin nemur 76 milljónum króna eða 0,6%. Á síðari hluta ársins 1991 var lokið við að flytja launavinnslu Háskóla Íslands til Starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis. Um var að ræða launagjöld að fjárhæð 175 milljónir króna. Sé tekið tillit til þessa lækkuðu launagjöld A-hluta ríkissjóðs um 100 milljónir króna að raunvirði eða sem svarar til 0,8%.
- ◆ Rekstrargjöld að meðöldum viðhaldskostnaði og tilfærslum hækkuðu um tæpar 90 milljónir króna að raunvirði. Hækkunin svarar til 0,4%.

**Gjöld A-hluta ríkissjóðs á greiðslugrunni.
Janúar til júní árin 1991 og 1992.**

Ráðuneyti í milljónum króna	Greitt 1992	Greitt 1991	Mismunur '92-'91	Mismunur '92-'91	%
00 Æðsta stjórn ríkisins	481	536	-55	-10,4	
01 Forsætisráðuneyti	156	197	-41	-20,7	
02 Menntamálaráðuneyti	9.228	8.859	369	4,2	
03 Utanríkisráðuneyti	706	744	-38	-5,1	
04 Landbúnaðarráðuneyti	2.932	2.213	719	32,5	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	550	484	66	13,8	
06 Dóms- og kirkjum.ráðuneyti	2.237	2.202	35	1,6	
07 Félagsmálaráðuneyti	2.329	2.206	123	5,6	
08 Heilbr.- og trygg.m.ráðun. 22.250	21.311	939	4,4		
09 Fjármálaráðuneyti	6.847	8.086	-1.239	-15,3	
10 Samgönguráðuneyti	3.460	3.140	320	10,2	
11 Iðnaðarráðuneyti	451	583	-132	-22,7	
12 Viðskiptaráðuneyti	2.740	2.655	85	3,2	
13 Hagstofa Íslands	54	51	3	5,2	
14 Umhverfisaráðuneyti	243	224	19	8,1	
	<u>54.664</u>	<u>53.491</u>	<u>1.173</u>	<u>2,2</u>	

Við eftirfarandi samanburð er rétt að hafa í huga að almenn hækkun verðlags milli fyrri hluta árána 1991 og 1992 nam 5,5-6,0%.

Skýringar á helstu breytingum útgjalda einstakra ráðuneyta á fyrri hluta ársins 1992 frá því sem þau voru á sama tímabili 1991 eru einkum þessar:

Gjöld æðstu stjórnar ríkisins lækkuðu um 55 milljónir króna eða um 10,4%. Lækkunin skýrist af minni framkvæmdum við endurbætur að Bessastöðum en framlag til þeirra lækkaði úr 65 milljónum króna í um 17 milljónir króna. Að þessum kostnaði frátöldum lækkaði kostnaður æðstu stjórnar ríkisins um 7 milljónir króna eða sem nemur 1,5%.

Gjöld forsætisráðuneytis lækkuðu um 41 milljón króna eða um 20,7% og skýrist einkum af lægri framlögum til Byggðastofnunar miðað við fyrri hluta ársins 1991. Þau námu 83 milljónum króna fyrri hluta árs 1992 og hafa lækkað um 32 milljónir króna frá fyrra ári. Rekstrarkostnaður annarra stofnana ráðuneytisins lækkaði um 9 milljónir króna eða um 11%.

Gjöld menntamálaráðuneytis hækkuðu um 369 milljónir króna eða sem nemur 4,2%. Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna nam 1.971 milljón króna fyrstu sex mánuði ársins 1992 og var 261 milljón króna hærra en á fyrri hluta ársins 1991. Rekstrargjöld annarra málaflokka ráðuneytisins hækka þannig um 107 milljónir króna eða um 1,5%.

Gjöld utanríkisráðuneytis lækkuðu um 38 milljónir króna eða 5,1%. Framlag til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi lækkaði um 100 milljónir króna en þau námu 27 milljónum króna fyrri hluta ársins 1992. Á móti hækkaði framlag til alþjóðastofnana um 41 milljón króna. Þá voru útgjöld sendiráða um 30 milljónum króna hærra á fyrri hluta ársins 1991 en þau voru á sama tímabili ársins 1992. Framlög til þeirra námu 211 milljónum króna á fyrri hluta árs 1992.

Gjöld landbúnaðarráðuneytis hækkuðu um 719 milljónir króna eða sem svarar til 32,5% og skýrist af ýmsum skuldbindingum samkvæmt búvörusamningi sem samþykktur var á árinu 1991. Framlög til jarðræktar og búfjárræktar hækkuðu um 80 milljónir króna en þau námu 151 milljón króna fyrstu sex mánuði ársins 1992. Meirihluti framlaga til þessara málaflokka á árinu 1992 hefur þegar verið greiddur eða 70% en á sama tímabili fyrra árs var einungis fjórðungur þeirra greiddur. Sérstakar greiðslur til landbúnaðar námu 232 milljónum króna fyrstu sex mánuði ársins 1992. Hér er um að ræða niðurgreiðslur á öðrum kjötafurðum en þeim er falla undir niðurgreiðslulið viðskiptaráðuneytisins og eru þær greiddar beint til bænda. Þessum lið tilheyra ennfremur niðurgreiðslur á loðdýrafóðri til stuðnings loðdýrabændum en þær hafa verið hverfandi það sem af er árinu. Greiðslur vegna búvöruframleiðslu námu 1.754 milljónum króna á fyrri hluta árs 1992. Á þennan fjárlagalið eru færðar útflutningsuppbætur að fjárhæð 777 milljónir

króna, beinar greiðslur til bænda að fjárhæð 709 milljónir króna og uppkaup á fullvirðisrétti að fjárhæð 269 milljónir króna.

Gjöld sjávarútvegsráðuneytis hækkuðu um 66 milljónir króna eða sem svarar til 13,8%. Hækkunin skýrist meðal annars af 33 milljóna króna hærri greiðslum til Hafrannsóknastofnunar en í fyrra og af auknum kostnaði við Veiðieftirlit miðað við fyrri hluta árs 1991 vegna ákvæða nýrra laga um stjórn fiskveiða.

Gjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis hækkuðu um 939 milljónir króna eða sem nemur 4,4%. Greiðslur til Atvinnuleysis-tryggingasjóðs hækkuðu um 200 milljónir króna og nam 966 milljónum króna fyrstu sex mánuði ársins 1992. Nú þegar hafa rúm 75% af áætlaðri fjárveitingu ársins til greiðslu atvinnuleysisbóta verið nýtt. Greiðslur vegna annarra almannatrygginga, þ.e. lífeyris-, sjúkra- og slysatrygginga hækkuðu um 280 milljónir króna eða 2,3%. Eins og áður kom fram fóru sex sjúkrastofnanir af daggjöldum yfir á föst fjárlög á árinu 1992 og lækkaði það útgjöld til sjúkratrygginga um 400 milljónir króna. Þá hækkaði rekstrarkostnaður sjúkrahúsanna þriggja í Reykjavík um 104 milljónir króna eða sem nemur 2,2% miðað við fyrstu sex mánuði ársins 1991.

Gjöld fjármálaráðuneytis lækkuðu um 1.239 milljónir króna eða 15,3%. Lækkunin á sér þá skýringu að mun lægri fjárhæðum hefur í ár verið varið til fasteignakaupa samkvæmt heimild í 6. gr. fjárlaga en á sama tíma í fyrra. Kostnaður ríkissjóðs vegna fasteignakaupa nam 278 milljónum króna á fyrri hluta ársins 1992 og var 719 milljónum króna lægri en á sama tímabili 1991. Vaxtagreiðslur af lánum ríkissjóðs lækkuðu um 422 milljónir króna og námu þær 4.583 milljónum króna á fyrri hluta ársins 1992. Þá lækkuðu greiðslur vegna uppbóta á lífeyri um 34 milljónir króna á fyrri hluta ársins 1992 miðað við sama tímabil 1991.

Gjöld samgönguráðuneytis hækkuðu um 320 milljónir króna eða um 10,2%. Hækkunin skýrist af 220 milljóna króna hærri greiðslum til viðhalds- og stofnkostnaðar hjá Vegagerð ríkisins og 115 milljóna króna hærri greiðslum til hafnamála.

Gjöld iðnaðarráðuneytis lækkuðu um 132 milljónir króna eða sem nemur 22,7%. Lækkunin skýrist að mestu af 99 milljóna króna lægri framlögum til ýmissa verkefna á sviði orkumála en á fyrri hluta ársins 1991 var mun stærri hluti af heildarfjárveitingu ársins nýttur en á sama tímabili í ár. Þá var framlag til Orkustofnunar um 51 milljón króna lægra á fyrri hluta ársins 1992 en það var á sama tíma í fyrra.

Gjöld umhverfisráðuneytis hækkuðu um 19 milljónir króna eða um 8,1% og kemur hækkunin fram á ýmsum verkefnum vegna umhverfismála og hjá aðalskrifstofu ráðuneytisins.

LAUNAKOSTNAÐUR A-HLUTA RÍKISSJÓÐS 1992

Á grundvelli forsenda, sem Ríkisendurskoðun telur að gefi réttasta mynd af starfsmannafjölda ríkisins, voru ársverk alls hjá þeim A-hluta stofnunum sem Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins sér um afgreiðslu fyrir, að meðaltali 18.406 fyrstu sex mánuði ársins 1992, en voru 18.253 að meðaltali fyrstu sex mánuði ársins 1991. Fjölgunin nemur 153 ársverkum eða 0,8%. Við útreikning ársverka voru launaeiningar tiltekinn launategunda umreiknaðar í ársverk.

Á síðari hluta ársins 1991 var lokið við að flytja launavinnslu Háskóla Íslands til Starfsmannaskrifstofunnar. Samtals var hér um að ræða 237 ársverk ef miðað er við sama tímabil ársins 1991. Þegar tekið er tillit til þessa, fækkar ársverkum hjá A-hluta ríkissjóðs í raun á milli árshelminganna um 84 eða 0,5%. Til samanburðar fjölgaði ársverkum um 582 fyrstu sex mánuði ársins 1991 miðað við sama tímabil 1990.

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu ársverka eftir uppruna á fyrri helmingi árána 1991 og 1992.

Ársverk	1992	1991	Breyt. ársv.	Breyt. í %
Dagvinnulaun	15.147	14.934	213	1,4
Yfirvinna	<u>3.259</u>	<u>3.319</u>	<u><60></u>	<u><1,8></u>
Samtals	18.406	18.253	153	0,8
Breyting v. Háskóla Íslands	<u><237></u> <u>18.169</u>	<u>18.253</u>	<u><84></u>	<u><0,5></u>

Fjárlög ársins 1992 gerðu ráð fyrir um 100 ársverka fjölgun í A-hluta ríkissjóðs á árinu. Sú fjölgun átti einkum að koma til vegna málefna fatlaðra og vegna aðskilnaðar dóms- og umboðsvalds í héraði.

Launagjöld stofnana í A-hluta fjárlaga námu um 12,6 milljörðum króna fyrstu sex mánuði ársins, en námu um 12 milljörðum króna á sama tímabili í fyrra. Hækkunin nemur 600 milljónum króna eða um 5%. Hækkunin svarar til um 0,6% raunaukningar á milli árshelminganna, sé miðað við

meðalhækkun launa ríkisstarfsmanna samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands.

Þegar tekið er tillit til aukinnar launavinnslu Starfsmannaskrifstofunnar fyrir Háskólann lækkuðu launagjöld A-hluta ríkissjóðs um 100 milljónir króna að raunvirði eða um 0,8%.

MAT Á ÁRANGRI SPARNADARADGERÐA Í RÍKISFJÁRMÁLUM 1992 SAMKVÆMT FJÁRLÖGUM

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1992 var gert ráð fyrir að útgjöld A-hluta ríkissjóðs myndu dragast saman um 4,5% að raungildi. Það jafn-gildir tæplega 5,0 milljarða króna raunlækkun útgjalda milli ára. Í meðförum Alþingis á fjárlagafrumvarpi voru útgjöld skv. fjárlagafrum- varpinu lækkuð enn frekar eða um rúma 0,5 milljarða króna nettó. Því var stefnt að 5% raunlækkun útgjalda miðað við rekstrarumfang ríkis-sjóðs á árinu 1991 eins og það var sýnt í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1992.

Við 3. umræðu fjárlaga var samþykkt breytingartillaga er fól í sér að lækka launaliði allra rekstrarviðfangsefna um 6,7% og önnur gjöld um 1,3%. Um tveir fimmtu hlutar lækkunarinnar voru færðir á sérstakan safnlið til endurráðstöfunar í hverju ráðuneyti fyrir sig. Að auki voru einstök viðfangsefni ráðuneyta, skv. tillögum þeirra sjálfra, lækkuð um tiltekna fjárhæð sem síðan var færð á áður nefndan safnlið.

Breytingar á útgjöldum A-hluta ríkissjóðs vegna hins almenna niðurskurðar við 3. umræðu fjárlaga ársins 1992 skiptust þannig:

	m.kr.
◆ Almenn lækkun, vegna launa- og rekstrargjalda	<2.479>
◆ Sérstök lækkun, til tilfærslu á safnlið	<162>
◆ Safnliðir, hluti lækkunar færður til baka	<u>1.153</u>
Samtals lækkun nettó	<u>1.488</u>

Með þessu var stefnt að því að lækka rekstrarútgjöld A-hluta ríkissjóðs um tæpa 1,5 milljarða króna. Aðrar breytingar útgjalda við 2. og 3. umræðu námu samtals um tæpum 1,0 milljarði króna til hækkunar og vega þær á móti hinum almennu aðhaldsaðgerðum sem ákveðnar voru við 3. umræðu fjárlaga.

Miðað við áætlað rekstrarumfang A-hluta ríkissjóðs árið 1991 skv. frumvarpi til fjárlaga ársins 1992 og að teknu tilliti til verðlagsbreytinga, skiptist áætluð breyting útgjalda á árinu 1992 í grófum dráttum þannig eftir tegundum útgjalda:

	m.kr.
◆ Launa- og rekstrargjöld	3.000
◆ Tilfærslur	2.500
◆ Fjárfesting	<u>500</u>

	Samtals lækkun	<u>6.000</u>
◆	Viðhaldskostnaður	<u>500</u>
	Samtals til hækkunar	<u>500</u>
	Nettó breyting útgjalda (lækkun)	<u>5.500</u>

Ríkisendurskoðun hefur reynt að meta þann sparnað sem stefnt var að og náðst hefur á fyrstu sex mánuðum þessa árs. Stofnunin tekur fram að ekki liggja fyrir nægilega haldgóðar upplýsingar um hve stórum hluta sparnaðarins átti að ná á fyrri helmingi þessa árs. Í því sambandi bendir stofnunin á að veruleg frávik eru á greiðsluheimildum innan ársins á einstökum fjárlagaliðum og greiðslum eins og fram kemur í kaflanum um gjöld í samanburði við greiðsluáætlun fjárlaga hér að framan. Því er sá samanburður ekki nægjanlega marktækur. Til þess að meta árangur að sparnaðaraðgerðum voru útgjöld stofnana á fyrri helmingi ársins 1991 færð til verðlags ársins 1992 og þau borin saman við útgjöld á sama tímabili á þessu ári. Ennfremur var tekið tillit til breytinga á tilfærslu- og stofnkostnaðarliðum þar sem veruleg frávik voru vegna tilfærslna á greiðslum innan ársins.

Samkvæmt greiðslufirliti ríkisbókhalds til loka júní 1992 hafa útgjöld A-hluta ríkissjóðs dregist saman um 1,8 milljarða króna sem skiptist þannig:

		m.kr.
◆	Rekstrargjöld og tilfærslur	1.300
◆	Vaxtagjöld	700
◆	Eignakaup og framkvæmdaframlög	<u>950</u>
	Samtals lækkun	2.950
◆	Tilfærslur (hækkun)	<u>1.150</u>
	Nettó breyting	<u>1.800</u>

Liðir til lækkunar eru samtals 3,0 milljarðar króna, en á móti koma tilfærsluliðir til hækkunar að fjárhæð 1,1 milljarður króna.

Lækkun útgjalda A-hluta ríkissjóðs hefur orðið nokkuð önnur en gert var ráð fyrir. Í fjárlögum var gert ráð fyrir að vaxtagjöld myndu hækka milli ára sem nemur verðlagsbreytingum en greiðslufirlit fyrstu sex mánaða sýnir aftur á móti lækkun um 700 milljónir króna. Helmingur þessarar lækkunar skýrist annars vegar af því að í ár hafa áætluð afföll af seldum spariskírteinum að fjárhæð 164 milljónir króna verið færð á viðskiptareikning en áður hafa afföll verið færð til gjalda við sölu. Þá var fært til lækkunar á liðnum vaxtagjöld 174 milljónir króna vegna yfirgengis á erlendum lánum sem ríkissjóður tók fyrr á þessu ári. Þá voru eignakaup um 800 milljónum króna lægri en gert var ráð fyrir að þau lækkuðu um 500 milljónir króna á árinu 1992. Hækkun tilfærslu um 1,1 milljarð króna má fyrst og fremst rekja

til ákvæða í nýjum búvörusamningi bænda við ríkisvaldið um beinar greiðslur til bænda en þær námu um 700 milljónum króna á fyrstu sex mánuðum þessa árs. Þá eru framlög til Lánasjóðs ísl. námsmanna 165 milljónum króna hærri í ár og framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs 156 milljónum króna hærri.

Rekstrarútgjöld og tilfærslur hafa lækkað að raungildi um 1,3 milljarða króna sem skiptist að jöfnu vegna almenns reksturs og helstu tilfærsluliða. Hvað varðar almennan rekstrarsparnað hefur Ríkisendurskoðun tekið saman yfirlit þar sem reynt er að meta raunverulegan sparnað á fyrri helmingi ársins 1992 miðað við fyrri helming ársins 1991. Yfirlitið gefur eftirfarandi til kynna:

Ráðuneyti	m.kr.	Hlutfall %
Æðsta stjórn ríkisins	34,0	6,9
Forsætisráðuneyti	13,0	15,2
Menntamálaráðuneyti	123,0	1,9
Utanríkisráðuneyti	8,0	1,5
Landbúnaðarráðuneyti	-	-
Sjávarútvegsráðuneyti	9,0	1,7
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	90,0	3,9
Félagsmálaráðuneyti	-	-
Heilbrigðis- og trygg.m.ráðuneyti	331,0	1,5
Fjármálaráðuneyti	152,0	9,2
Samgönguráðuneyti	<97,0>	<3,0>
Iðnaðarráðuneyti	10,0	2,7
Viðskiptaráðuneyti	7,0	8,7
Hagstofa Íslands	-	-
Umhverfisiráðuneyti	<48,0>	<20,2>
Lækkun á almennum rekstri	632,0	
Tilfærslur til lækkunar	<u>650,0</u>	
Samtals lækkun	<u>1.282,0</u>	

Æðsta stjórn ríkisins

Raunlækkun útgjalda stofnana á vegum æðstu stjórnar ríkisins er um 34 milljónir króna sem svarar til 6,9%. Svo til allar stofnanir sýna raunlækkun.

Forsætisráðuneyti

Raunlækkun útgjalda hjá forsætisráðuneyti nemur 13 milljónum króna eða um 15,2%. Lækkunin kemur einkum fram hjá aðalskrifstofu ráðuneytisins og Þjóðgarðinum á Þingvöllum. Hins vegar hefur orðið hækkun hjá Húsameistara ríkisins og Þjóðhagsstofnun.

Menntamálaráðuneyti

Raunlækkun útgjalda hjá menntamálaráðuneyti er metin á 123 milljónir króna er svarar til 1,9% raunlækkunar. Hjá aðalskrifstofu ráðuneytisins nemur lækkunin um 12% og hjá Háskóla Íslands 5% eða alls um 50 milljónum króna. Hjá menntaskólunum nemur lækkunin alls um 10 milljónum króna. Útgjöld vegna héraðsskóla hafa lækkað um 35 milljónir króna. Þá hafa greiðslur til rekstrar safna lækkað um 15 milljónir króna. Útgjöld vegna fjölbrautaskóla, grunnskóla og rekstrar fræðsluskrifstofa voru svipuð og á fyrstu sex mánuðum sl. árs þegar tekið er tilliti til verðlagsbreytinga.

Utanríkisráðuneyti

Raunlækkun útgjalda hjá utanríkisráðuneyti er metin á um 8,0 milljónir króna er svarar til 1,5% raunlækkunar. Lækkunin kemur fyrst og fremst fram hjá aðalskrifstofu ráðuneytisins og lögreglustjóraembættinu á Keflavíkurflugvelli eða alls hjá þessum tveimur aðilum um 30 milljónir króna. Hins vegar eru útgjöld sendiráða um 20 milljónum króna hærrí í ár en á sama tíma í fyrra.

Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld landbúnaðarráðuneytis eru óbreytt sé miðað við fast verðlag. Í fjárlögum er gert ráð fyrir raunaukningu útgjalda vegna skógræktar og landgræðslumála er nemi allt að 90 milljónum króna. Á fyrstu sex mánuðum þessa árs var raunhækkun framlaga til þessara viðfangsefna um 30 milljónir króna. Hins vegar lækkuðu útgjöld að raungildi m.a. hjá Jarðasjóði, Búnaðarfélagi Íslands, Veiðimálastofnun, yfirdýralækni og Bændaskólanum á Hvanneyri alls um 30 milljónir króna.

Sjávarútvegsráðuneyti

Raunlækkun útgjalda hjá sjávarútvegsráðuneyti nemur um 9,0 milljónum króna er svarar til 1,7%. Lækkun útgjalda kemur fram hjá aðalskrifstofu og öllum stofnunum ráðuneytisins nema hjá Hafrannsóknastofnun og Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna. Að þeim frátöldum nemur lækkunin 30 milljónum króna.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Raunlækkun hjá dóms- og kirkjumálaráðuneyti er metin á 90 milljónir króna er svarar til 3,9%. Raunlækkun útgjalda við löggæslu og sýslumannsembætti er metin á rúmlega 100 milljónir króna. Þá kemur fram lækkun vegna Landhelgisgæslu um 26 milljónir króna. Útgjöld vegna kirkjumála lækka um 14 milljónir króna að raungildi. Þá hefur framlag vegna málskostnaðar lækkað um 30 milljónir króna og vegna kosninga um 35 milljónir króna. Hins vegar hafa útgjöld vegna aðstöðu og húsnæðis fyrir Héraðsdómara og sýslumenn orðið um 100 milljónum króna hærri.

Félagsmálaráðuneyti

Umsvif félagsmálaráðuneytis er óbreytt frá fyrra ári þegar tillit er tekið til verðlagsbreytinga. Í fjárlögum ársins 1992 er gert ráð fyrir raunaukningu framlaga til málefna fatlaðra. Á fyrstu sex mánuðum þessa árs urðu útgjöld vegna málefna fatlaðra um 20 milljónum króna lægri en gert var ráð fyrir. Þá hafa útgjöld vegna Brunamálastofnunar ríkisins og Vinnueftirlits ríkisins lækkað um 9 milljónir króna. Hins vegar urðu framlög til Byggingasjóðs verkamanna svo og ýmis framlög til aðila utan ríkisgeirans um 25 milljónum króna hærri en ráð var fyrir gert.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Raunlækkun útgjalda hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti er metin á 330 milljónir króna er svarar til 1,5%. Raunlækkun útgjalda sjúkrahúsa í Reykjavík er um 160 milljónir króna sem skiptist svo til jafnt milli ríkisspítala annars vegar og Borgarspítala og Landakotsspítala hins vegar. Lækkun útgjalda hjá öðrum sjúkrahúsum er um 50 milljónir króna. Lækkun útgjalda hjá heilsugæslustöðvum nemur tæplega 60 milljónum króna. Þá hafa framlög til skóla á vegum heilbrigðisráðuneytis lækkað um 10 milljónir króna, til ýmissa stofnana um 20 milljónir króna og ýmissar starfsemi á sviði heilsugæslu um 35 milljónir króna. Hins vegar eru framlög til lífeyris- og sjúkratrygginga óbreytt að raungildi milli tímabilanna þegar tillit er tekið til tilfærslna sjúkrastofnana frá sjúkratryggingum á föst fjárlög.

Fjármálaráðuneyti

Raunlækkun hjá fjármálaráðuneyti er metin á 152 milljónir króna eða um 9,2% og kom hún fram á nær öllum viðfangsefnum ráðuneytisins. Lækkun hjá aðalskrifstofu nemur um 18 milljónum króna. Lækkun hjá skattkerfinu var tæpar 40 milljónir króna auk svipaðrar fjárhæðar vegna tollamála. Þá hefur skýrsluvélakostnaður lækkað um tæpar 20 milljónir

króna. Útgjöld vegna ýmissa verkefna hafa lækkað um 30 milljónir króna. Þar vega þyngst minni blaðakaup og lægri tryggingabætur.

Samgönguráðuneyti

Raunaukning útgjalda hjá samgönguráðuneyti er metin á um 97 milljónir króna eða um 3%. Það sem veldur aukningu útgjalda hjá ráðuneytinu er að framlög til vegamála hafa aukist um 100 milljónir króna enda var gert ráð fyrir raunaukningu þeirra í fjárlögum. Þá eru framlög til hafnamála 92 milljónum króna hærri en á sama tímabili í fyrra. Aftur á móti hafa útgjöld aðalskrifstofu ráðuneytisins lækkað um 3 milljónir króna, útgjöld Flugmálastjórnar um 25 milljónir króna og framlög til Skipaútgerðar ríkisins um 70 milljónir króna.

Iðnaðarráðuneyti

Raunlækkun útgjalda iðnaðarráðuneytis eru metin á 10 milljónir króna eða 2,7%. Svo til öll viðfangsefni ráðuneytisins lækka. Rekstur stofnana og framlög lækkuðu um tæpar 30 milljónir króna en framlög til Orkusjóðs jukust um 20 milljónir króna.

Viðskiptaráðuneyti

Raunlækkun útgjalda stofnana viðskiptaráðuneytisins eru um 7 milljónir króna eða 8,7%. Útgjöld Verðlagsstofnunar og Hlutafélagsskrár lækka um samtals 9 milljónir króna að raungildi en á móti hækka útgjöld aðalskrifstofu og Löggildingarstofunnar um 2 milljónir króna samanlagt.

Hagstofa Íslands

Rekstrarumfang Hagstofu Íslands er óbreytt frá fyrra ári þegar tekið er tillit til verðlagsbreytinga.

Umhverfisráðuneyti

Raunhækkun útgjalda hjá umhverfisráðuneyti er metin á 48 milljónir króna er svarar til 20,2%. Raunaukning er á öllum viðfangsefnum nema hjá Náttúruverndarráði og Landmælingum Íslands samtals að fjárhæð 4 milljónir króna. Á aðalskrifstofu ráðuneytisins, vegna ýmissa verkefna hjá ráðuneytinu, Veiðistjóra og Skipulagsstjóra ríkisins hækkuðu útgjöld um 50 milljónir króna að raungildi.

Stofnkostnaður og eignakaup

Framlög til þessara viðfangsefna hafa lækkað um tæpan 1,0 milljarð króna. Lækkun eignakaupa er metin á tæpar 800 milljónir króna. Þá hafa framlög til endurbyggingar Þjóðleikhússins, sjúkrahúsa og læknisbústaða, Bessastaða og vegna ýmissa viðhaldsverkefna í heilbrigðis- og menntamálum lækkað um rúmlega 250 milljónir króna, en á móti hækkuðu framlög til Þjóðarbókhlöðu og Framkvæmdasjóðs fatlaðra um rúmar 50 milljónir króna.

Tilfærslur o.fl.

Ýmsar tilfærslur hækka um tæplega 1,2 milljarða króna að raungildi. Af þeirri fjárhæð eru um 700 milljónir króna vegna beinna greiðslna til bænda. Framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hafa hækkað um 165 milljónir króna, til Atvinnuleysisstryggingasjóðs um 157 milljónir króna og til nokkurra annarra aðila um 150 milljónir króna. Á móti hafa aðrar tilfærslur lækkað um 650 milljónir króna. Til landbúnaðarmála hafa framlög lækkað um 120 milljónir króna, til þróunarmála um rúmar 100 milljónir króna og til niðurgreiðslu á vöruverði um tæpar 60 milljónir króna. Uppbætur á lífeyri og ríkisábyrgðir launa hafa á sama hátt lækkað samtals um 100 milljónir króna og tjónagreiðslur til Rafmagnsveitna ríkisins um 150 milljónir króna. Þá hafa framlög til Byggðastofnunar og vegna uppgjörs við sveitarfélög og Jöfnunar-sjóð sveitarfélaga samtals lækkað um tæplega 130 milljónir króna.

AFKOMUHORFUR A-HLUTA RÍKISSJÓÐS Í ÁRSLOK 1992

Ríkisendurskoðun hefur reynt að meta væntanlega afkomu A-hluta ríkissjóðs í árslok 1992. Við það mat er m.a. stuðst við upplýsingar um greiðsluafkomu í júlímánuði sl. Þá liggja nú fyrir upplýsingar um álagningu beinna skatta á árinu 1992. Niðurstöður Ríkisendurskoðunar eru þær, að ef stjórnvöld taka engar nýjar ákvarðanir í ríkisfjármálum það sem eftir er ársins og að verðlags- og launapróun haldist innan viðmiðunarmarka, muni rekstrarhalli ársins verða á bilinu 9,0 - 9,5 milljarðar króna. Það er um 5,0 milljörðum króna hærra rekstrarhalli en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins. Frávik frá fjárlögum eru tvíþætt. Annars vegar er áætlað að tekjur verði um 103,5 milljarðar króna eða 2,0 milljörðum króna lægri en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir. Hins vegar eru heildargjöld áætluð um 113,0 milljarðar króna sem er um 3,5 milljörðum króna hærra en gert er ráð fyrir.

Helstu breytingar á áætluðum tekjum A-hluta ríkissjóðs á árinu 1992 eru þær, að beinir skattar lækka um 600 milljónir króna, innflutningsgjöld og virðisaukaskattur um 1,0 milljarð króna og sala eigna og arðgreiðslur um 700 milljónir króna.

Á móti lækkun framangreindra liða er áætlað að vaxtatekjur þ.m.t. viðurlög vegna slæmrar lausafjárstöðu innlánsstofnana á árinu 1991 ásamt tryggingagjaldi verði um 300 milljónum króna hærra en fjárlög ársins gera ráð fyrir.

Hækkun á áætluðum útgjöldum A-hluta ríkissjóðs má einkum rekja til eftirfarandi atriða.

Sparnaður sá sem fjárlög ársins gerðu ráð fyrir gengur að óbreyttu ekki eftir að öllu leyti. Stofnunin telur að tæpa 2,0 milljarða króna muni vanta þar á, þar af um 900 milljónir króna vegna sjúkratrygginga.

Forsendur fjárlaga hafa breyst og nýjar ákvarðanir hafa verið teknar um aukin útgjöld sem metin eru á 1,5 milljarða króna. Hér er einkum um að ræða áhrif kjarasamninga og aukin framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs.